FJÖLBREYTT ÚRVAL EFNA
Í FÆRIBÖND OG REIMAR
FYRIR MATVÆLAIÐNAÐ

GÚMMÍSTEYPA
Þ. LÁRUSSON EHF.
Gylfaflöt 3 / 112 Reykjavík / Sími: 567-4467 / www.gummisteypa.is / gummisteypa@gummisteypa.is

SUÐUR
LANDSHLUTABLAÐ

2. tölublað
2. árgangur

— 25. JANÚAR 2018 —

Helga nýr skólastjóri TÁ

„Um leið og við vinnum eftir skýrum námskrárramma er frelsi tónlistarkennarans óendanlegt í tónlistarvali og kennsluaðferðir fjölbreyttar.“

Flóinn og Árborg funda um sameiningu

Þann 1. febrúar verður haldinn fundur fulltrúa Flóahrepps og Sveitarfélagsins Árborgar um mögulega sameiningu þeirra, segir Ásta S. Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri Árborgar, í samtali við Suður. Skeiða- og Gnúpverjahreppi var boðið til viðræðnanna, en mun sitja hjá að sinni, eða þar til ný sveitarstjórn hefur verið kosin í vor, að sögn Kristófers A. Tómassonar, sveitarstjóra Skeiða- og Gnúpverjahrepps við blaðið. „Sveitarstjórn Flóahrepps hyggst funda með fulltrúum í sveitarstjórn Árborgar 1. febrúar næstkomandi til þess að fara yfir málið og skoða hvort forsendur eru fyrir frekari samvinnu eða hugsanlegrar sameiningar þessara sveitarfélaga,“ segir Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri Flóahrepps. Sjá bls. 6.

Starfslokateiti á Litla Hrauni

Guðnabakaríi þakkað

Glanni glæpur í Hveragerði

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
SÍÐAN 1996
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Kristín Ingólfsdóttir · Sverrir Einarsson · Margrét Ásta Guðjónsdóttir

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

Framtak-Blossi er umboðsaðili fyrir VOLVO PENTA á Íslandi

Framtak-Blossi kappkostar að bjóða góða þjónustu og sanngjarnt verð á varahlutum.
VOLVO PENTA
Hafið samband við Hafþór í síma 895-3144 eða hafthor@blossi.is
FRAMTAK BLOSSI ehf
Dvergshöfða 27, 110 Reykjavík | www.blossi.is | blossi@blossi.is

brabantia
Þrifalegu ruslaföturnar komnar aftur
Gott úrval gerða og lita.
Árvirkinn
EYRAVEGI 32 · SELFOSS · SÍMI 480 1160

Hótel Kría opnar í júní



Framkvæmdir ganga vel við nýtt hótel í Vík í Mýrdal sem áformað er að opni í lok júní næstkomandi, og ber nafnið Hótel Kría. Þar verða 72 herbergi ásamt veglegum veitingasal, en hótelið verður staðsett við nýja götu, að Sléttuvegi 12-16 sem liggur samsíða þjóðvegi 1.

Á visi.is kemur fram að Hótel Kría er að hluta byggt úr einingum frá Moelven í Noregi sem er eitt stærsta húseiningafyrirtæki í Evrópu, en framleiðsla Moelven hefur gefið góða raun við íslenskar aðstæður. Að byggingu og rekstri Hótel Kríu í Vík í Mýrdal standa þeir Vilhjálmur Sigurðsson, Hjálmar Pétursson og Sigurður Elías Guðmundsson.

Vilhjálmur og Hjálmar hafa mikla reynslu af ferðaþjónustu sem eigendur og stjórnendur ALP hf. til magra ára, en ALP hf rekur ma. bílaleigur undir merkjum AVIS og Budget. Sigurður Elías Guðmundson hefur mikla reynslu af hótel og veitingarekstri í Vík í Mýrdal og er meðal annars eigandi Icelandair Hótels Vík sem og eigandi og rekstraraðili Víkurskála, veitingastaðarins Icecave og Lavecafé í nýrri og glæsilegri verslunarmiðstöð Icewear.

„Við sjáum mikil tækifæri í uppbyggingu hótels á Vík í Mýrdal enda fjölfarinn ferðamannastaður sem skartar ægifagurri náttúru" segir Vilhjálmur í samtali við visir.is.

„Það er mikil eftirspurn er eftir gistingu á svæðinu og við höfum þegar fengið fjölda fyrirspurna um gistingu hjá Hótel Kríu þó formleg sala og markaðssetning sé ekki hafin. Það verður opnað fyrir bókanir á næstu dögum og við eigum von á að það verði mikil eftirspurn strax á fyrstu dögunum."

FORNAR HAFNIR – EINSTÖK LJÓSMYNDABÓK

Út er komin bókin Fornar hafnir - útver í aldanna rás eftir Karl Jeppesen. Hér er að finna ljósmyndir og frásagnir af 160 verstöðvum á Íslandi. Ferðalagið hefst á Horni og fer síðan hringferð allt í kringum landið. Áningarstaðirnir eiga það allir sameiginlegt að héðan réru forfeður okkar í landinu til fiskjar.

Allvíða má greina búðir sem hafa að hluta sokkið í landið, horfið gras eða sand. Annarsstaðar hefur nútíminn ruðst yfir hinar fornu minjar með landfyllingum og mannvirkjum. En jafnt er landslag staðanna og útsýn þaðan til menja um hina hörðu lífsbaráttu og mannlíf liðinna alda.

Bókin er liðlega 300 síður í stóru broti og hefur að geyma 550 litmyndir. Höfundurinn Karl Jeppesen á að baki farsælan feril sem kennari, dagskrárgerðarmaður, ljósmyndari og kvikmyndagerðarmaður.

BJARNI BJARNASON ÍÞRÓTTAMAÐUR BLÁSKÓGABYGGÐAR 2017

Æskulýðsnefnd Bláskógabyggðar bauð síðastliðinn fimmtudag til hófs til heiðurs íþróttamönnum sveitarfélagsins. Hófið var að þessu sinni haldið í íþróttahúsinu á Laugarvatni og þótti það vel við hæfi þar sem Bláskógabyggð tók við rekstri þess á árinu 2017. Þar fengu tvær hlaupakonur úr Laugdælum verðlaun fyrir góðan árangur á árinu 2017 þær Agnes Erlingsdóttir og Lára Björk Pétursdóttir en báðar urðu þær bikarmeistarar í 1500m hlaupi, Agnes í fullorðinsflokki og Lára Björk í Bikarkeppni 15 ára og yngri.

Að þessu sinni ákvað Æskulýðsnefnd að veita sameiginlegu liði skóla Bláskógaskóla í Reykholti og á Laugarvatni sérstaka viðurkenningu fyrir góðan árangur í Skólahreysti – Suðurlandsriðli á árinu 2017 en liðið varð i 3. sæti í keppninni. Þau sem skipuðu liðið eru Anthony Karl Flores, Sölvi Freyr Jónasson, Lára Björk Pétursdóttir og Jóna Kolbrún Helgadóttir en þess má geta að þau eru öll miklir íþróttamenn, með bakgrunn úr hinum ýmsu íþróttagreinum.

Tveir knapar voru tilnefnir til íþróttamanns ársins, Bjarni Bjarnason, ættaður frá Þóroddsstöðum, en hann er félagi í Hestamannafélaginu Trausta og Rósa Kristín Jóhannesdóttir frá Brekku sem keppir fyrir Hestamannafélagið Loga.

Bjarni hlaut tiltilinn í ár en þetta er í þriðja sinn sem hann er valinn íþróttamaður Bláskógabyggðar. Árangur Bjarna á árinu 2017 náði ekki þeim hæðum sem á fyrri árum enda kannski ekki hægt að fara fram á heimsmet á ári hverju. Bjarni átti samt farsælan feril í skeiðkeppni á árinu varð m.a. í 3. sæti í 100m skeiði á Íslandsmótinu og í 1. sæti í 250 m skeiði á Suðurlandsmótinu.

LISTASAFN ÁRNESINGA

Laus staða fræðslufulltrúa

Leitað er að áhugasömum og jákvæðum einstaklingi sem býr yfir góðri samskipahæfni, sjálfstæði, sveigjanleika og frumkvæði í vinnubrögðum.

Menntunarkröfur eru háskólapróf sem nýtist í starfi (myndlist, upppeldisfræði og /eða safnafræði), góð íslensku- og enskukunnátta ásamt tölvukunnáttu og hæfni til þess að tjá sig í ræðu og riti.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Nánari upplýsingar um starfið veitir Inga Jónsdóttir safnstjóri, netfang inga@listasafnarnesinga.is.

Með umsókn skal fylgja ferilskrá um fyrri störf og menntun ásamt kynningarbréfi þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningi fyrir hæfni í starfið.

Umsókn skal stíla á: Listasafn Árnesinga, Austurmörk 21, 810 Hveragerði eða rafrænt á listasafn@listasafnarnesinga.is.

Umsóknarfrestur er til 31. janúar.

ALÞJÓÐLEGA RÁÐNINGAÞJÓNUSTAN
Starfsmannalausnir – Fyrir fyrirtækin í landinu

Beinar ráðningar til fyrirtækja
Getum ráðið í flestar stöður

519-5444 · recruitment@recruitment.is · Recruitment.is



Í 65 ár hefur Land Cruiser drottnað yfir landslaginu og nú skartar þessi fjórhjóladrifni konungur jeppanna nýju útliti, ytra sem innra. Hann státar af nýju mælaborði með stærri skjá og nýjum eiginleikum á borð við Toyota Safety Sense sem auka enn á öryggið sem alltaf hefur verið hluti af sterkbyggðri gæðahönnun jeppans sem einfaldlega toppar allt.

- **Nýr Land Cruiser 150 býðst með 33" breytingu að kostnaðarlausu**
- **2 ára þjónustupakki fylgir með öllum Land Cruiser 150**

Kynntu þér Toyota FLEX, frábæra leið til að eignast nýja Toyota bifreið á www.toyota.is

VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM

5 3+2 ÁBYRGÐ · 2 ÁRA ÞJÓNUSTA · FLEX

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Fyrirvari við 5 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans.
Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

ÍSLENSKA/SÍA/LS/TOY 87220 01.18

LEIÐARI

Ófremdarástand í umferðarmálum

Fórnarkostnaður samfélagsins vegna alvarlega umferðarslysa er hrikalegur, fyrir nú utan alla þá ólýsanlegu harmleiki sem þeim fylgja fyrir fólk og fjölskyldur. Skilvirkasta leiðin til að koma í veg fyrir alvarlegustu slysin er að skilja á milli akreina. Þar sem það hefur verið gert blasir árangurinn við. Framanákeyrslum og banaslysum fækkar verulega og eru fátíð á þeim veghlutum.

Árið 2018 byrjar með afleitum hætti í umferðinni. Þrjú banaslys í röð og fleiri þar sem við lá að illa færi. Því er sérstök ástæða til að rifja upp þá samstöðu og baráttu sem þingmenn og sveitarstjórnarfólk sýndi fyrir um áratug síðan þegar krafa var hávær um róttækar umbætur á vegum landsins, og brýna þá sem nú eru á velli til að taka upp þann þráð.

Við lifum gjörbreytta tíma á vegum landsins þar sem umferð hefur margfaldast á mörgum stöðum. Við því þarf að bregðast og það hratt.

Ráðast þarf í stórt átak í breikkun vega og aðskilnaði akreina. Sú fjárfesting er fljót að koma til baka í gegnum þann óhemju kostnað sem samfélagið ber af alvarlegum slysum í umferðinni.

Til dæmis var kostnaður samfélagsins sem hlaust af umferðarslysum á helstu stofnæðum út frá höfuðborgarsvæðinu tæpir 16 milljarðar á árunum 2012 til 2016. Á leiðinni milli Reykjavíkur og Selfoss nam áætlaður kostnaður vegna slysa á sama tímabili rúmlega sex milljörðum króna. Á milli Reykjavíkur og Leifsstöðvar var kostnaðurinn um fimm og hálfur milljarður og umferðarslys á milli Reykjavíkur og Borgarness kostuðu rúmlega fjóra milljarða.

Þetta eru svimandi tölur sem segja mikla sögu um beinan ábata samfélagsins af fjárfestingum í öruggum umferðarmannvirkjum. Þær byggja á gögnum úr slysaskrá Samgöngustofu og voru teknar saman fyrir starfshóp um fjármögnun framkvæmda við helstu stofnleiðir til og frá höfuðborgarsvæðinu.

Tölfræðin nær yfir kostnað vegna starfa lögreglu, slökkviliðs og sjúkraflutningamanna og kostnað vegna eignatjóns, sjúkrahúskostnað og vinnutap. Hinsvegar ná þær ekki yfir tjón vegna tapaðrar verðmætasköpunar sem einstaklingur hefði staðið að, hefði hann verið við fulla krafta.

Í skýrslu frá 2014 eftir þá Harald Sigþórsson og Vilhjálm Hilmarsson er áætlaður heildarkostnaður á verðlagi 2013 vegna umferðarslysa 48.486 milljónir króna fyrir árið 2015, ef undan séu skilin óhöpp án meiðsla. Rétt tæpir 50 milljarðar króna.

Við núverandi ófremdarástand á vegum úti verður ekki unað. Full ástæða er til þess nú á toppi hagsveiflu og í byrjun kjörtímabils að skora á stjórnvöld, heima í héraði og á landsvísu, að stilla saman strengi og ráðast í fjárfestingar án fordæma í bættu öryggi á vegum Íslands. Umferðarharmleikjunum verður að linna.

Björgvin G. Sigurðsson

Guðnabakarí þakkað

Sveitarfélagið Árborg þakkar fyrir þá þjónustu sem eigendur Guðnabakarís, Guðni heitinn Andreasen og Björg Óskarsdóttir, börn þeirra og fjölskyldur, ásamt starfsfólki, hafa veitt íbúum sveitarfélagsins í gegnum tíðina. Ekki síst eru eigendur Guðnabakarís færðar þakkir fyrir óeigingjarnt framlag til íþrótta- og æskulýðsmála um langt árabil, en stuðningur þeirra hefur reynst ómetanlegur.

Sveitarfélagið Árborg

2. tölublað, 2. árgangur

Útgefandi: Fótspor ehf., Suðurlandsbraut 54 , 103 Rvk. **Ábyrgðarmaður:** Ámundi Ámundason.
Auglýsingastjóri: Ámundi Ámundason sími 824-2466, netfang, amundi@fotspor.is.
Auglýsingar: Sími: 578-1190 & netfang: auglysingar@fotspor.is.
Ritstjóri: Björgvin G. Sigurðsson, sími: 863-5518 netfang: sudri.heradsblad@gmail.com
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja. **Dreifing:** Íslandspóstur. **Vefútgáfa PDF:** www. fotspor.is.

Fríblaðinu er dreift í 10.500 eintökum á öll heimili á Suðurlandi.

Silja Dögg Gunnarsdóttir skrifar:

FÆÐINGARÞJÓNUSTA OG JAFNRÆÐI

Fæðingarstöðum á Íslandi hefur fækkað hin síðari ár. Í svo fámennu og dreifbýlu landi sem Ísland er, er skiljanlegt að erfitt sé að halda úti fæðingarþjónustu á hverjum stað. Engu að síður verðum við að tryggja jöfnuð á milli þegna landsins og því verður kerfið að vera skipulagt á þann hátt, að komið sé til móts við fólk sem ekki á kost á fæðingarþjónustu í heimabyggð. Ein leið væri til dæmis sú að breyta núverandi löggjöf um fæðingarorlof.

Löng bið

Verðandi foreldrar á landsbyggðinni sem búa fjarri fæðingarþjónustu eða/og búa við þær landfræðilegu aðstæður að samgöngur eru ótryggar, þurfa yfirleitt að fara að fara að heiman nokkru fyrir áætlaðan fæðingardag. Þetta á t.d. við um íbúa í Vestmannaeyjum og Höfn í Hornafirði. Yfirleitt er miðað við 38. viku meðgöngu nema að um áhættumeðgöngu sé að ræða. Börnin koma þegar þeim hentar þannig að foreldrar geta lent í því að bíða fæðingar í allt að 4 vikur, fram að 42. viku en þá eru konur yfirleitt gangsettar.

Breytingar á lögum

Núverandi kerfi felur í sér óásættanlegan ójöfnuð á milli landshluta. Verðandi foreldrar á landsbyggðinni þurfa t.d. oft að hefja töku fæðingarorlofs fyrr, af ofangreindum ástæðum og þá dregst sá tími, þ.e. biðtíminn eftir barninu, frá orlofinu. Þannig að barn og foreldrar njóta styttri samveru þegar barnið kemur loksins í heiminn. Með því að breyta lögum um fæðingarorlof gætum við tryggt rétt barna til að njóta jafnlangs tíma með foreldrum sínum eftir fæðingu eins og þau börn sem eiga heima í nágrenni við fæðingarþjónustu.

Réttur barnsins

Vegna þessa augljósa ójafnræðis sem fólk býr við varðandi aðgengi að fæðingarþjónustu lagði undirrituð, ásamt öðrum þingmönnum Framsóknarflokksins, fram frumvarp með breytingu á lögum um fæðingarorlof. Frumvarpið er nú til meðferðar hjá Velferðarnefnd Alþingis. Með frumvarpinu er lagt til að réttur foreldra til fæðingarorlofs eða fæðingarstyrks framlengist sem nemur þeim tíma sem þeir þurfa að dveljast fjarri heimili til að vera í öruggri nálægð við fæðingarhjálp. Sú breyting yrði til þess að öllum börnum yrði tryggður jafn réttur til að njóta samvista við foreldra sína fyrstu mánuði lífsins. Slík breyting yrði einnig í samræmi við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins sem veitt hefur verið lagagildi hérlendis með lögum nr. 19/2013.

Hár húsnæðis- og ferðakostnaður

Umrædd lagabreyting yrði stórt skref í átt til þess að jafna búsetuskilyrði milli landshluta. Að auki þurfum við að skoða hvernig ríkið gæti tekið aukinn þátt í húsnæðiskostnaði verðandi foreldra vegna dvalar við fæðingarstað. Það eru ekki allir með aðgang að ódýru húsnæði á vegum starfsmanna- eða verkalýðsfélaga eða eiga fjölskyldur og vini sem hafa pláss til að hýsa aðkomufólk. Ferðakostnaður getur einnig orðið töluverður, sérstaklega ef um áhættumeðgöngur er að ræða og mæður þurfa að fara reglulega í sérstakt eftirlit á fæðingarstað. Í þessu er fólginn gríðarlegur aðstöðumunur á milli landshluta sem þarf að jafna enn frekar.

Silja Dögg Gunnarsdóttir,
þingmaður Framsóknarflokksins.

Oddný G. Harðardóttir, alþingismaður Samfylkingarinnar skrifar:

Auðlind á silfurfati

Þorskstofninn hefur aldrei mælst stærri en við síðustu mælingar Hafrannsóknarstofnunar. Það verður því að teljast afar líklegt að tillaga um viðbótarkvóta komi fram fyrir næsta og næstu fiskveiðiár líkt og fyrir það síðasta, enda hefur kvótinn nærri tvöfaldast síðustu 10 fiskveiðiár með lakari þorskstofn að meðaltali en nú mælist, farið úr 130 þúsund tonnum í 258 þúsund tonn. Þorskkvótinn hefur verið aukinn á þremur síðustu fiskveiðiárum um samtals 40 þúsund tonn. Hann var aukinn á þar síðasta fiskveiðiári um 21 þús. tonn, á síðasta fiskveiðiári um 5 þús. tonn og á yfirstandandi fiskveiðiári um 14 þús. tonn. Mælingar Hafrannsóknastofnunar benda eindregið til að kvótinn verði enn aukinn á næstu fiskveiðiárum.

Gjafagjörningur

Ef lögum um fiskveiðistjórnun verður ekki breytt á næstu vikum verður viðbótarkvótanum skipt á milli núverandi kvótaeigenda á næsta fiskveiðiári eins og þeim fyrri. Alþingi á að sjálfsögðu að stöðva þann gjafagjörning. Ég er fyrsti flutningsmaður frumvarps

um það en með flutningsmenn eru þingflokkar Samfylkingarinnar og Pírata. Alþingi ætti að lögleiða réttlátari meðferð fiskveiðiauðlindarinnar fyrir hönd eigenda hennar sem allra fyrst. Í það minnsta ætti að stöðva áform ríkisstjórnarinnar um að færa viðbótarkvóta útgerðinni á silfurfati.

Með útboði á viðbótarkvóta fengist verðmæt reynsla af útboðsleiðinni sem gæti nýst vel í ákvörðunum sem óhjákvæmilega þarf að taka um framtíðarskipan fiskveiðistjórnunarkerfisins. Með reglum um útboð væri mögulegt að auðvelda aðkomu útgerða frá viðkvæmari svæðum landsins, stuðla að nýliðun og vinna gegn samþjöppun aflaheimilda.

Ef tækifærið er ekki nýtt verður það útboð sem fyrir er á kvóta styrkt enn frekar, þ.e.a.s. útboð sem nú er í höndum útgerðarinnar sjálfrar. Á þeim útboðsmarkaði fór kílóið af þorski á 170 kr. í haust á meðan að aðeins 22,98 kr. renna til ríkissjóðs í formi veiðigjalds. Skólar og heilbrigðisstofnanir eru á sama tíma í rekstrarvanda vegna fjárskorts og vegirnir að molna undan okkur.

Almenningur hlýtur að krefja stjórnvöld svara við því hvers vegna þau vilja frekar færa útgerðinni viðbótarkvóta á spottprís heldur en að fá fyrir hann markaðsverð og láta tekjurnar renna til velferðarþjónustunnar í landinu.

Oddný G. Harðardóttir
alþingismaður.

Húsnæði til leigu í Reykjanesbæ

Klettatröð 19, Keflavíkurflugvöllur

Húsnæðið skiptist í
- 4 skrifstofur, eldhús, salerni, afgreiðslu og salur.
- Samtals ca 600 m2
- Eignin er laus fljótlega.

Bolafótur 1 Njarðvík

- 2x 108 m2 salir, nýttir sem bílaverkstæði í dag.
- Ca 80 m2 afgreiðsla, 40 m2 skrifstofa á efri hæðinni og sameiginlegt eldhús og salerni.
- Eignin er laus frá og með 1 júlí
- Samtals ca 365 m2

Frekari upplýsingar í síma 776 7600 Guðmundur eða gummi@touringcars.eu

TCI Fasteignafélag ehf

HÚSBÍLAÆÐI !

Ford Transit 2.4 diesel Carado húsbíll
árg 2010, ekinn 124 þ. km, 6 gíra, á tvöföldum að aftan, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 og kojur. **Verð 5.990.000**
Verð nú 4.250.000.

Ford Transit 2.2 diesel LMC Húsbíll
árg 2009, ekinn 131 þ. km, 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 tvöfalt rúm aftast.
Verð 4.990.000.-
Verð nú 3.650.000.

Ford Transit 2.2 diesel LMC Húsbíll
árg 2009, ekinn 127 þ. km, 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 og kojur.
Verð 4.990.000,
Verð nú 3.650.000.

Ford Transit 2.2 diesel Hymer Húsbíll
árg 2008, ekinn 117 þ. km, 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 og kojur. **Verð 4.990.000**
Verð nú 3.650.000.

Fiat Ducato 2.3 diesel Carado húsbíll
árg 2011, ekinn 145 þ. km, 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 og kojur. **Verð 5.590.000**
Verð nú 4.750.000.

Ford Transit 2.2 diesel LMC Húsbíll
árg 2009, ekinn 110 þ. km, 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 2 til 3 tvöfalt rúm aftast sólarsella **Verð 5.990.000**
Verð nú 4.650.000.

SELDUR

Ford Transit 2.2 diesel LMC Húsbíll
árg 2009, ekinn 131 þ. km, 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 og kojur **Verð 4.990.000**
Verð nú 2.200.000.
Billinn er bílaður líklegast með ónýta vél.

Dacia Dokker 1.5 diesel árg 2016,
ekinn 28 þ. km, 5 gíra, svefnpláss fyrir 2, sólarsella og öndun á topp, klár í notkun.
Verð 1.990.000.-

Range Rover Vogue diesel 3.6 vél, ekinn 205 þ. km, sjálfskiptur, billinn er nánast með öllu.
Verð 3.990.000
Verð nú 3.490.000

Allir bílarnir eru staðsettir í Keflavík. Upplýsingar í síma 776 7600

Touring Cars ehf, Klettatröð 19, 262 Keflavík (Ásbrú)

TOURiNGCARS

FLÓAHREPPUR OG ÁRBORG FUNDA UM SAMEININGU

Þann 1. febrúar verður haldinn fundur Flóahrepps og Sveitarfélagsins Árborgar um mögulega sameiningu þeirra segir, Ásta S. Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri Árborgar, í samtali við Suður. Skeiða- og Gnúpverjahreppi var boðið til viðræðnanna, en mun sitja hjá að sinni, eða þar til ný sveitarstjórn hefur verið kosin í vor, að sögn Kristófers A. Tómassonar, sveitarstjóra Skeiða- og Gnúpverjahrepps við blaðið.

Flóinn mun funda með Árborg

Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri Flóahrepps, segir Flóahrepp hafa tekið þátt í vinnu sveitarfélaganna í Árnessýslu sem fór fram á s.l. ári og fólst í samræðum og greiningu á núverandi stöðu og hugsanlegum framtíðarmöguleikum. „Þá var unnin greining á því með hvaða hætti sveitarfélögin uppfylla skyldur um þjónustu við íbúana. Mikið er um samstarfsverkefni um lögbundna þjónustu. Að lokinni samstarfsvinnu sveitarfélaganna, sem fengu KPMG til þess að vinna að greiningu á núverandi stöðu og samanburði, liggur fyrir skýrsla sem birt hefur verið á heimasíðum sveitarfélaganna.

Greiningin byggir á viðtölum við sveitarstjórnarfólk og íbúa og einnig á upplýsingum úr ársreikningum sveitarfélaganna og samanburði á þeim tölum sem birtast þar. Þar er t.d. gerður samanburður á gjaldskrám, álagningarhlutföllum og skuldahlutfalli. Haldnir voru íbúafundir og íbúar svöruðu spurningakönnunum," segir Eydís við Suður.

En hver er staðan í komandi viðræðum við Árborg?

„Í desember bárust sveitarfélögunum Flóahreppi og Skeiða- og Gnúpverjahreppi erindi frá Árborg þar sem óskað var eftir viðræðum við fulltrúa sveitarfélaganna um vihorf þeirra til sameingingar við sveitarfélagið Árborg. Sveitarstjórn Flóahrepps hyggst funda með fulltrúum í sveitarstjórn Árborgar 1. febrúar næstkomandi til þess að fara yfir málið og skoða hvort forsendur eru fyrir frekari samvinnu eða hugsanlegrar sameiningar þessara sveitarfélaga," segir Eydís.

Kristófer Eydís Ásta

Skeið-Gnúp situr hjá að sinni

Kristófer A. Tómasson, sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjarhrepps, segir við Suður að það sé rétt að sveitarfélaginu hafi verið boðið upp í dans, aðspurður um hvort sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps hefði fengið boð frá Bæjarráði Árborgar ásamt Flóahreppi um viðræður um að sameina þessi þrjú sveitarfélög.

„Í þetta sinn ætlum við ekki að fara út á dansgólfið, það verður setið heima og ekki einu sinni fara á ballið. Það er nú samt ekki svo að sveitarstjórninni hér þyki þetta ófrýnilegur dansherra sem sýnir okkur þennan áhuga, okkur þykir bara til um það. Eftir tæplega hálft ár verður umboð núverandi sveitarstjórnar sem og annarra sveitarstjórna í landinu runnið út. Hér á mínum bæ finnst fólki æskilegra að fela þann kaleik sem inniheldur sameiningarviðræður þeim hópi einstaklinga sem verða handhafar umboðs kjósenda til að fara með stjórnun sveitarfélagsins til vors 2022."

Þú ert ekki sá fyrsti sem spyrð mig um sameiningarmál sveitarfélaga. Segir sveitarstjórinn þegar hann er spurður um hvað muni gerast á næstunni í þeim efnum.

„Á síðustu misserum hefur varla sá dagur liðið að ég sé ekki spurður útí sameiningar sveitarfélaga. Spurningar af þessu tagi eru með ýmsu móti. Það leiðist mér ekki. Mér finnst ávallt gaman að láta hugann reika og reyna að sjá fyrir mér hvernig skipan sveitarfélaga á Suðurlandi verði eftir einhvern tiltekinn tíma. Eftir næstu sveitarstjórnarkosningar, eftir tvö ár, í lok næsta kjörtímabils?

Ég held að ég sé ekkert meiri spámaður en hundurinn minn í þeim efnum. Ef til vill kemur að því að skipun komi ofan frá um að sveitarfélög megi ekki vera minni en tiltekin stærð. Síðasti sveitarstjórnarráðherra var búinn að viðra tillögur þess efnis. Spurning hvort arftaki hans hyggst tala fyrir þeim hugmyndum

Tæknilegir möguleikar á sameiningum sveitarfélagar eru margir séð frá mínum bæjardyrum.

Hvaða kostir eru helst í stöðunni fyrir sveitarfélagið?

„Uppsveitir Árnessýslu í eina sæng, öll Árnessýsla, sveitarfélögin beggja megin við Þjórsá, gamla Suðurlandskjördæmið í eitt (Árnes- Rangár- og Vestur -Skaftafellssýslu). Skeiða- og Gnúpverjahreppur og Hrunamannahreppur, eða bara engin sameining. Rekstur sveitarfélaga á Suðurlandi gengur almennt séð nokkuð vel. Þá er eðilegt að spurt sé, hvort einhver ástæða til að sameinast öðrum?

Ef erfiðleikar væru til staðar þá væri hvatinn meiri til þess. Samstarfið milli sveitarfélaganna hér í uppsveitum á langa sögu og hefur verið farsælt í flesta staði. Nokkrir samstarfsþættir ná yfir alla sýsluna og fáeinir yfir stærra svæði. Almennt hefur það gengið vel. Margir spyrja hvort ekki liggi vel við að sveitarfélög sem eru í miklu samstarfi sameinist. Ég hef ekki trú á að nokkrum detti í hug að verkefni eins og skipulagsmál, skóla- og velferðarþjónusta muni færast úr samlagsformum í hvert sveitarfélag fyrir sig. Hvernig sem hlutirnir eru unnir, þá kostar allt sitt.

Mér finnst mjög líklegt að megi ná fram hagræðingu með því að sameina sveitarfélög. Einkum þau sem liggja vel hvert við öðru úr frá samgöngum og landlegu. En það er ekki endilega sjálfgefið. Það er mjög skiljanlegt að fólk vilji ekki að þjónusta færist úr sínu samfélagi. Á ég þá sérstaklega við skóla. Spor hafa hrætt marga hvað það varðar. Á liðnum árum hefur ríkisvaldið fært auknar álögur á sveitarfélög, ég færi meira í bakkafullan lækinn með því að nefna það. Talsvert vantar á að þeim verkefnum hafi fylgt nægjanlegt fjármagn.

Hvað sem öllu líður verða sveitarstjórnarkosningar á komandi vori. Eflaust verður einhver endurnýjun í hópi kjörinna fulltrúa hér í Árnesþingi, það verður fróðlegt að sjá hvort við munum sjá sameiningarhugmynda getið í miklum mæli í framboðsræðum á næstunni," segir Kristófer um stöðu sameiningarmála.

bgs



Félagsfundur Samfylkingarinnar og opnunartímar

Í fréttatilkynningu frá Samfylkingunni í Árborg og nágrenni er boðað til félagsfundar fimmtudaginn 1. febrúar kl. 20.00 í sal félagsins á Eyrarvegi Selfossi.

Dagskrá fundarins er: Félagsstarfið og sveitarstjórnarkosningar. Allt félagsfólk hvatt til að mæta.

Þá auglýsir félagið opið hús eftirfarandi laugardaga í febrúar og mars kl. 11.00:

Laugardagana 3. og 17. febrúar:
Laugardagana 3. og 17. mars.

Stjórn Samfylkingarinnar í Árborg og nágrenni.

NÝ HUGSUN NÝIR TÍMAR

Smart einbýli



Húsin eru 73m², þar að auki er 28m² verönd með heitum potti.Smart enbýlishús eru hönnuð með hagkvæmni að leiðarljósi, og ekki síst þarfir kaupendanna. Þau eru hagkvæmur nútímakostur fyrir einstaklinga, fjölskyldur, verktaka og leigufélög. En einnig fyrir bæjar- og sveitarfélög sem vilja taka þátt í að koma upp húsnæði á hagkvæman og skjótan hátt.

Húsin falla undir reglugerð Velferðarráðuneytisins númer 555/2016 og síðar breytingu númer 1052/2017 hvað varðar stofnframlög/styrki ríkis og sveitarfélaga fyrir leigufélög. Húsin eru framleidd og afgreidd fullbúin úr verksmiðju með baði, eldhúsi og öllum innréttingum tilbúin til flutnings í samvinnu við Samgöngustofu um leiðir á viðkomandi byggingastað.

Allar teikningar fylgja með fyrir hvern byggingastað, og einnig sérhannaðar forsteyptar sökkulundirstöður sem gerir uppsetningu húsanna mun hagkvæmari og fljótari í alla staði. Við hjá Húseiningu sjáum um flutninginn fyrir kaupendur í samvinnu við traustan flutningsaðila.

Verð við verksmiðjudyr fyrir utan flutning aðeins kr. **22.760.000** með vsk.

HÚSEINING

Húseining ehf. Hraunholti 1, 190 Vogum. Símar 770-5144 og 787-5144.
www.huseining.is kjartan@huseining.is soffia@huseining.is

Inga B. Emilsdóttir og Aðalheiður Harðardóttir.

F.v.: Björg Elísabet Ægisdóttir og Birgir Marteinsson.

Starfslokateiti á Litla-Hrauni

Yfirstjórn Litla-Hrauns bauð fimmtudaginn 28. desember 2017 til kaffistundar með kræsingum til heiðurs fangavörðunum Guðjóni Stefánssyni og Haraldi Arngrímssyni. Þeir létu af störfum fyrr á árinu vegna aldurs. Guðjón hóf störf á Litla-Hrauni árið 1979 og Haraldur árið 1994.

Halldór Valur Pálsson, forstöðumaður Litla-Hrauns, stýrði samkomunni og ávarpaði Guðjón og Harald og þakkaði þeim farsæl störf á starfstímanum. Í lokin færði hann þeim gjöf frá Litla-Hrauni sem þakklætisvott.

Síðan kallaði Halldór Valur til Björn Inga Bjarnason hjá Ljóðasetri Litla-Hrauns sem flutti meðfylgjandi ljóð og skýrði tilurð þess:

Áratugi áttuð hér
eftirsjá í köppum.
Farsæld ykkar fögnum vér
fyrir þeim nú klöppum.

Björn Ingi Bjarnason og Ingvar Magnússon færðu strafslokastundina til myndar.

F.v.: Aðalheiður Harðardóttir, Hafsteinn Jónsson, Guðmundur Magnússon, Björg Elísabet Ægisdóttir, Þórarinn Theódór Ólafsson og Elín Ósk Hölludóttir.

F.v.: Guðjón Stefánsson, Haraldur Arngrímsson, Björn Ingi Bjarnason og Halldór Valur Pálsson.

F.v.: Halldór Valur Pálsson, Guðjón Stefánsson og Haraldur Arngrímsson.

Næst er Tryggvi Ágústsson og svo f.v: Júlíana Kristín Kristjánsdóttir, Gunnar E. Gunnarsson og Guðmundur Friðmar Birgisson.

F.v. við borðið: Friðrik Sigurjónsson, Ingvar Magnússon, Júlíana Kristín Kristjánsdóttir og Gunnar E. Gunnarsson.

F.v.: Sigurbjörn Tryggvi Gunnarsson, Guðmundur Magnússon og Ingi Þór Jónsson.

VIÐTAL

Frelsi tónlistarkennarans er óendanlegt

Helga Sighvatsdóttir var nýverið ráðin skólastjóri Tónlistarskóla Árnesinga og tekur við einkar góðu búi af Róbert Darling. Suður tók Helgu tali um nýja starfið.

Hvernig skóla tekur þú við?

Ég tek við mjög góðu búi af Róbert A. Darling, fráfarandi skólastjóra. Tónlistarskóli Árnesinga er einn af stærstu tónlistarskólum landsins, en að honum standa öll sveitarfélögin átta í sýslunni. Um 500 nemendur sækja einkatíma og ríflega 200 grunnskólanemendur í 2. bekk fá forskólakennslu. Við höfum verið þeirrar gæfu aðnjótandi að fá til starfa vel menntaða og metnaðarfulla kennara og haldist vel á starfsmönnum. Þessi samhenti hópur hefur skilað þekkingu sinni vel og tryggilega til nemendanna sem hafa verið skólanum til sóma hvar sem þeir koma fram. Það er því mikill heiður að fá tækifæri til að stýra skólanum næstu árin.

Munu fylgja þér breytingar?

Hver stjórnandi setur sitt mark á starfsemi skóla, en það verða engar stökkbreytingar við skólastjóraskiptin. Ég hef verið aðstoðarskólastjóri sl. 17 ár og þannig fengið tækifæri til að setja mark á starfið og nýráðinn aðstoðarskólastjóri, Jóhann I. Stefánsson, hefur verið málmblásturskennari og deildarstjóri við skólann til margra ára. Skólinn mun því halda áfram að þróast í samstarfi við okkar þétta kennarahóp.

Hverju þarf helst að breyta til að byggja undir og styrkja tónlistarnám í landinu?

Ég hef verið mjög hugsi yfir menntun tónmenntakennara undanfarið. Áður var hægt að sækja tónmenntakennaranám í Kennaraháskóla Íslands og í Tónlistarskólann í Reykjavík. Nú er þetta nám hvergi í boði og þeim grunnskólum fækkar stöðugt sem hafa á að skipa menntuðum tónmenntakennurum. Þetta skapar hættu á að börnin okkar fái færri tækifæri til að syngja, eða kynnast tónlist (gamalli og nýrri) í gegnum hlustun eða iðkun. Tónmenntakennslu tel ég mikilvægan grunn að allri almennri tónlistarþekkingu í landinu.

Varðandi tónlistarskólana, þá er í nokkur horn að líta, ef rætt er um að styrkja tónlistarnám í landinu.

Kennaradeildir Tónlistarskólans í Reykjavík voru lagðar af þegar Listaháskóli Íslands var stofnaður upp úr 2000. Það láðist hins vegar að stofna kennaradeildir í tónlist við hinn nýja háskóla og lá

> *„Tónlistarskólana vantar starfsmann inn í mennta- og menningarmálaráðuneytið, en tónlistarskólarnir hafa ekki haft starfsmann þar inni í fjölmörg ár.“*

menntun tónlistar- og tónmenntakennara niðri í rúman áratug. Nú er smám saman er verið að byggja kennaranámið upp aftur, innan veggja LHÍ. Tónlistarkennaradeildirnar eru enn ungar og smáar, en vonandi fara ungir kennarar að skila sér til starfa áður en eldri kennarar tínast á eftirlaun. Það er því mjög mikilvægt að styðja við tónlistarkennaranámið í LHÍ svo það nái að eflast og blómstra.

Mikil gerjun er í starfsemi LHÍ og spennandi að fylgjast með þeim möguleikum sem opnast, s.s. fyrir tónlistarkennara til endurmenntunar.

Tónlistarskólana vantar starfsmann inn í mennta- og menningarmálaráðuneytið, en tónlistarskólarnir hafa ekki haft starfsmann þar inni í fjölmörg ár. Hefur það oft staðið tónlistarskólunum fyrir þrifum. Það er t.d. löngu tímabært að hefja endurskoðun aðalnámskrár tónlistarskólanna. Ný lög um tónlistarskóla hafa legið fyrir Alþingi í mörg ár og bíða enn afgreiðslu. Það þarfnast athygli.

Þetta er það sem kemur upp í hugann svona í fljótu bragi.

Hver eru leiðarljós TÁ í starfi og stefnumótun?

Grunnatriðin eru nokkur. Fyrst má nefna að við viljum að nemendur eigi sem best aðgengi að tónlistarnámi hvar sem þeir búa í sýslunni. Skólinn er mjög dreifður og reynum við að veita nemendum sem jafnasta þjónustu og tækifæri, hvar sem þeir búa. Ekki er hægt að bjóða upp á kennslu á öll hljóðfæri á hverjum kennslustað, en öllum stendur til boða að sækja tíma á Selfoss ef ákveðnar óskir koma fram um hljóðfæraval. Tónfræðitíma geta flestir sótt í heimabyggð, en æfingar hljómsveita og samspilshópa fara fram í stærstu þéttbýliskjörnunum.

Við viljum geta veitt faglega og góða þjónustu og í því sambandi er mikilvægt að ráðnir séu til starfa vel menntaðir og hæfir kennarar. Þá er mikilvægt að hlúa vel að starfandi kennurum svo sem með góðum aðbúnaði, endurmenntunarnámskeiðum, hvatningu og öðrum stuðningi sem til þarf, svo þeir nái að njóta sín í starfi.

Síðast en ekki síst er mikilvægt að vera í góðu sambandi við nærumhverfið. Má þar nefna heimsóknir í leikskóla, samstarf við grunnskóla s.s með forskólakennslu og spilamennsku á jólaböllum, tónleikahald á öldrunar- og hjúkrunarheimilum og að bregðast við þegar óskað er eftir tónlistarflutningi nemenda á fundum og viðburðum.

Annar skólinn eftirspurn eftir námi í honum?

Það er misjafnt eftir sveitarfélögum. Í sumum sveitarfélögum höfum við getað tekið inn alla nemendur, en í öðrum eru biðlistar. Þetta fer allt eftir því hve mörgum tímum sveitarfélögin úthluta til tónlistarskólans og hve margir sækja um nám hverju sinni. Sveitarfélögin hafa staðið vel á bak við skólann og viljað hag hans sem bestan, enda líta þau á tónlistarnám sem einn af þjónustuþáttum sveitarfélaganna. Þegar biðlistar myndast hafa sveitarfélögin oftast gripið inní og oft af myndarbrag. Það verður þó að segjast að stundum

> *„Um leið og við vinnum eftir skýrum námskrárramma er frelsi tónlistarkennarans óendanlegt í tónlistarvali og kennsluaðferðir fjölbreyttar.“*

eru biðlistarnir óþægilega langir.

Hver er þinn bakgrunnur í tónlist?

Ég hóf tónlistarnám hjá Lofti S. Loftssyni 10 ára gömul og lærði hjá honum á píanó og blokkflautu í Reykolti. Þá sótti ég blokkflaututíma hjá Sigríði Pálmadóttur í Tónmenntaskóla Reykjavíkur og árið 1980 hóf ég nám í Blokkflautudeild Tónlistarskólans í Reykjavík hjá Camillu Söderberg. Lauk blokkflautukennaraprófi þaðan vorið 1986.

Ég hefur starfað sem blokkflautukennari við ýmsa skóla frá 1983 s.s. Tónlistarskóla Seltjarnarness, Tónlistarskóla Garðabæjar, Kennaraháskóla Íslands, Tónlistarskólann á Húsavík og loks Tónmenntaskóla Reykjavíkur til 1999. Ég hefur kennt við Tónlistarskóla Árnesinga frá 1995 og var ráðin aðstoðarskólastjóri í ágúst árið 2000.

Hvað er það besta við það að starfa í tónlistarskóla?

Kostir við að starfa í tónlistarskóla eru margir. Eitt er að maður vinnur við áhugamálið sitt og starfar með fólki sem hefur sama áhugamál. Það eru því oftar en ekki óljós mörk milli vinnu og tómstunda. Tónlistarkennsla kallar á mikla samvinnu og samstarf bæði innan veggja skólans og út á við. Kennslan býður upp á svo margt skemmtilegt, áhugavert og krefjandi sem gaman er að takast á við og í raun er maður alltaf að læra. Að vera vakandi fyrir möguleikum og getu hvers nemanda og finna hvernig best er að miðla þekkingu til hvers og eins þeirra, er áskorun alla daga. Þetta gerir starfið mjög lifandi og lítil hætta á að það verði einsleitt. Um leið og við vinnum eftir skýrum námskrárramma er frelsi tónlistarkennarans óendanlegt í tónlistarvali og kennsluaðferðir fjölbreyttar.

Annað sem þú vilt bæta við?

Ég hef verið að grúska í því undanfarið ár að skoða hvaða möguleikar bjóðast nemendum okkar, vilji þeir nýta tónlistina við starfsval. Það er óhætt að segja að þetta er heillandi heimur með ótal möguleikum. Ljúki nemendur framhaldsprófi opnast leiðir t.d. í tónlistarkennaranám eða áframhaldandi háskólanám í hljóðfæraleik/söng. Þar með er þó ekki öll sagan sögð, því það er líka hægt að verða kór- eða hljómsveitarstjóri, tónskáld, músíkþerapisti eða fara í menningarstjórnun.

Það þarf þó ekki að ljúka framhaldsprófi í tónlist til að tónlistin nýtist í ýmsum störfum. Tónlistarnám nýtist vilji maður leika í hljómsveit, vinna við hljóð- eða upptökustörf, verða hljóðhönnuður eða hljóðverkfræðingur, læra pianóstillingar, hljóðfærasmíði, verða trúbador, leikari eða kenna í leik- og grunnskólum. Sem sjá má nýtist tónlistarnámið víða og þessi listi er alls ekki tæmandi.

Við vitum öll að tónlistin getur haft margvísleg áhrif á okkur, en tónlist má líka nýta markvisst til þjálfunar og hún sannarlega bætir líðan fólks. Þarna liggja miklir möguleikar.

bgs

Helga Sighvatsdóttir

Atvinna

Set röraverksmiðja

Óskum eftir ráða matreiðslumann eða matartækni til að sjá um mötuneyti Set ehf.

Góður vinnutími og vinnuaðstaða í vel búnu mötuneyti fyrirtækisins sem sér um morgun- og hádegisverð fyrir starfsfólk.

Nánari upplýsingar um starfið og umfang þess eru veittar á skrifstofu Set í síma 480 2700.

Einnig má skila inn umsóknum á tölvupóstfang: atvinna@set.is.

Umsóknarfrestur er til 9. febrúar.

Hjá SET starfa um 70-80 manns, við sölu, framleiðslu og þjónustu við lagnamarkaðinn.

2016 Framúrskarandi fyrirtæki

set

Set ehf. • Eyravegur 41 • 800 Selfoss • Sími: 480 2700 • set@set.is • set.is

Glanni Glæpur í Latabæ

Leikfélag Hveragerðis frumsýndi leikritið Glanni Glæpur í Latabæ eftir Magnús Scheving og Sigurð Sigurjónsson í Leikhúsinu Austurmörk 23 í Hveragerði.
Söngtextar: Karl Ágúst Úlfsson.
Tónlist: Máni Svavarsson.
Leikstjóri:
Guðmundur Lúðvík Þorvaldsson.

Næstu sýningar:
3. sýning.
Laugardagur 27. Janúar kl: 14:00
4. sýning.
Sunnudagur 28. Janúar kl: 14:00
5. sýning.
Laugardagur 3. Febrúar kl: 14:00
6. sýning
Sunnudagur 4. Febrúar kl: 14:00
Miðaverð kr.3000- fyrir fullorðna.
Kr.1.500- fyrir börn yngri en 12 ára
Miðapantanir í síma 863-8522

Sköpunarkrafturinn býr innra með okkur. Við leitumst við að móta umhverfi okkar eftir eigin smekk og þörfum til að öðlast samhljóm og jafnvægi í daglegu lífi.
Silestone býður þér upp á fjölbreytta nálgun við þessa tjáningu þegar þú vilt móta nýtt eldhús eða baðherbergi á persónulegan hátt. Silestone er fáanlegt í fjölbreyttum áferðum og litum. Silestone bjóða einir upp á borðplötur með varanlegri bakteríu- og sveppavörn.
Gefðu heimilinu ferskleika og líf á þínum forsendum með Silestone.
www.silestone.com
SILESTONE
NATURAL QUARTZ

Steinsmiðjan Rein - Viðarhöfða 1 - 110 Reykjavík - Sími 566 7878 - www.rein.is
Steinsmiðjan Rein Sniðum að þínum þörfum R

Skypark fyrir alla!

Skypark trampólíngarðurinn opnaði 20. ágúst siðastliðinn. Hefur hann notið mikilla vinsælda hjá ungum sem öldnum.

Gaman fyrir alla fjölskylduna að skemmta sér og stunda hreyfingu saman. Einnig býður Skypark trampólíngarðurinn upp á að halda afmæli og vera með hópa t.d. fyrir skóla- félagsmiðstöðvar- vinnustaði- saumaklúbba o. fl.

Á döfinni stendur til að vera með skemmtileg námskeið.

Parkour fyrir börn og unglinga

Trampólín-púl fyrir fullordna

Mömmu-pabba morguntímar um helgar með börn 5 ára og yngri.

Kveðja, Skypark

Hoppað af gleði!

Vatnshitablásarar

Tilboð 89.990

Öflugir blásarar með þykkar kopar pípum og léttari hönnun.

Þakblásarar



Þurrktæki

Er rakastigið of hátt?

Tilboð frá kr 39.990

VORTICE

Loftviftur

Gluggaviftur

Útsogsviftur

íshúsið

viftur.is

-andaðu léttar

S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur

Hjá Ísrör ehf færðu pressuvélar og tengi til samsetningar stállagna

Hjá Ísrör færðu einnig PEX-STÁL HITAVEITURÖR/FITTINGS – HITAVEITU – LJÓSLEIÐARA OG GASSKÁPA
ÍDRÁTTARRÖR – VARÚÐARBORÐA – HERPIMÚFFUR og svo margt fleira

ÍSRÖR EHF
HEILDVERSLUN

Sími 565 1489 - Hringhella 12 - 221 Hafnarfjörður - isror@isror.is - www.isror.is

Smári McCarthy, alþingismaður Pírata skrifar:

Framtíð til sölu

Loksins þegar fólk er að verða búið að ná sér eftir aðrar Alþingiskosningar stefnir strax í næstu kosningahrinu, nú til sveitarstjórna. Þegar horft er yfir sviðið er rétt að spyrja sig hvers fólk má vænta á næstu fjórum árum, og hvort sú framtíð sem flokkar koma til með að reyna

að selja kjósendum sé eftirsóknarverð.

Sveitarstjórnir eru upp á sitt besta þegar enginn verður þeirra var. Þær eiga helst bara að rúlla og ganga vel fyrir sig, en fólk tekur eftir þeim þegar hlutirnir virka illa eða virka ekki. Sveitarstjórnarkosningar eru þannig tækifæri til að gera upp allt það sem hefur ekki virkað og spyrja sig hvort nýjir forvígismenn geti gert betur. Stundum verður svarið já, stundum nei, en það er öllum fyrir bestu að horfa heiðarlega á dæmið.

Í sumum sveitarfélögum hefur sterkur meirihluti rúllað áfram og komið ýmsu í verk í krafti stærðar sinnar. Þar má vænta þess að kosningarnar muni snúast um þau verkefni sem hafa ekki verið leyst, og jafnvel stóð kannski aldrei raunverulega til að leysa. Meirihlutarnir þurfa að réttlæta áframhaldandi tilvist sína, í ljósi óklaraðra verkefna, meðan andstæðingar keppast um að sanna gildi sitt.

Í öðrum sveitarfélögum hafa málin staðið tæpar, og vert að velta fyrir sér hvort hlutirnir hafi verið að rúlla nógu hratt í því andrúmslofti. Meðan sveitarstjórnir karpa um hringtorg og matgæði í leikskólum þeysist heimurinn áfram á sínum hraða. Þar í sveit ættu kosningarnar að snúast um hvernig sé hægt að móta framtíðina frekar en að horfa á hana hverfa yfir sjóndeildarhringinn.

> *„Hvernig sem kosningarnar fara vona ég að tækifærið verði nýtt til að búa til jákvæða og spennandi framtíðarsýn sem víðast.“*

Íslenskt samfélag hefur almennt séð þróast mjög hratt á undanförnum árum, en það er ekki allsstaðar þar sem maður upplifir að bæjarlífið hafi fylgt jafnharðan. Sveitarstjórnir bera ábyrgð á því að móta framtíðarsýn fyrir sínar byggðir sem fangar bæði það sem fólk vill ekki að breytist og það sem verður að breytast sem fyrst.

Hvernig sem kosningarnar fara vona ég að tækifærið verði nýtt til að búa til jákvæða og spennandi framtíðarsýn sem víðast. En eins og alltaf á kosningatíð: varist kosningaloforð, sérstaklega þau sem hljóma vel; fylgið sannfæringunni, sérstaklega þegar hún er á skjön við hefðirnar; og heimtið skýr svör, sérstaklega þegar spurningin er erfið. Maður á ekki að láta bjóða sér að kaupa annars flokks framtíð.

Ný bók um Harry Hole

Kona finnst látin í íbúð sinni í Osló eftir að hafa átt stefnumót á bar. Líkið er blóðlaust og á hálsinum eru bitför. Fleiri dýrsleg morð fylgja í kjölfarið … Eru vampírur farnar að nota Tinder? Eða er hvasstenntur raðmorðingi kominn á kreik?

Lögreglan er ráðþrota og aðeins einn maður getur komið til hjálpar: Harry Hole, sem er sestur í helgan stein og kennir við Lögregluháskólann. Hann er tregur til en þegar draugar fortíðarinnar skjóta upp kollinum og ástvinum hans er ógnað grípur hann til sinna ráða og spennan verður óbærileg.

Þorsti er ellefta sagan um lögreglumanninn Harry Hole og hefur sannarlega slegið í gegn – margir telja hana eina bestu bókina um kappann. Spennumeistarinn Jo Nesbø bregst ekki frekar en fyrri daginn; bækur hans hafa selst í yfir 30 milljónum eintaka um heim allan. Halla Kjartansdóttir þýddi.

Aníta Líf íþróttamaður Hveragerðis 2017

Aníta Líf Aradóttir , lyftingakona, var kjörinn íþróttamaður Hveragerðis 2017. Hún tók þátt í sínum stærstu alþjóðlegu mótum á árinu og var mikil reynsla að taka þátt á heimsmeistaramóti. Það sem stóð upp úr í afrekum Anítu á árinu var Norðurlandameistaratitill í -69 kg flokki. Keppnisferill Anítu er stuttur og verður gaman að fylgjast með henni í framtíðinni.

Það er menningar-, íþrótta- og frístundanefnd sem velur íþróttamann Hveragerðis en leitað var eftir tilnefningum frá félögum og deildum í Hveragerði og frá sérsamböndum ÍSÍ. Allar tilnefningar sem bárust eru frá aðildarfélögum ÍSÍ. Allir íþróttamennirnir hafa sýnt mikinn metnað til að ná langt í sinni íþróttagrein og eru svo sannarlega góð fyrirmynd fyrir bæinn og yngri íþróttamenn.

www.hveragerdi.is

Iðnaðarmenn og aðrir, kerrurnar frá HUMBAUR hafa margsannað sig á Íslandi!

Tveggjaöxlakerra, 2500kg, gerð 2331, mál: 3,03x1,50m, opnanleg að framan. Verð kr. 431.452, - án vsk.

Flatvagnar-ýmsar stærðir, 2000kg-3500kg, mál frá 2,65x1,65m til 6,10x2,48m.

750kg kerra, gerð 1384, mál: 251x131x35cm með sturtum. Verð kr: 229.839,- án vsk.

750kg kerra, gerð 1374, mál: 251x131x35cm, opnanleg að framan. Verð kr: 201.612.- án vsk.

750kg kerra, gerð 1376, mál: 205x131x35cm, opnanleg að framan. Verð kr: 169.355.- án vsk.

Startrailer 750kg, gerð 1280, mál: 205x109,5x30cm. Verð kr: 120.888,- án vsk.

Nýtt á Íslandi frá WÖRMANN world of trailers kerrum

Krókhaysiskerra. 3500 kg heildarburður, ýmsar gerðir af gámum.

Unilader. 2700-3500 kg heildarburður, sem véla og sturtukerra.

Topplausnir

WWW.TOPPLAUSNIR.IS / S: 517 7718

SMIÐJUVEGI 40, GUL GATA, KÓPAVOGI

Kynning

Langir dagar hjá Jökulfelli

LEGGJA VEGI OG STRENGI – ALHLIÐA JARÐVINNA VEGNA BYGGINGA

Haukur Gíslason, eigandi verktakafyrirtækisins Jökulfells, er önnum kafinn maður og var bara laus í spjall að kvöldlagi fyrir þennan greinarstúf. En þegar það símaspjall átti sér stað, á níunda tímanum, var hann samt enn í vinnunni og vélardynur ómaði í bakgrunninum á meðan símtalið átti sér stað.

„Þetta geta orðið dálítið langir dagar. Ég er núna í hringveginum yfir Hornafjarðarfljót, fyrsti áfangi, og þetta er nokkuð stórt verk, við erum með ein 10–12 tæki hér, búkollur, gröfur og jarðýtur," segir Haukur, en hinar svokölluðu búkollur eru liðstýrðir trukkar frá Volvo. Volvo er einmitt einna mest áberandi merkið í tækjaflota Jökulfells en ýmsir fleiri þekktir framleiðendur koma þar líka við sögu. Jökulfell hefur byggt upp glæsilegan flota af þungum vinnuvélum, trukkum, gröfum og jarðýtum.

Haukur Gíslason er frá Svínafelli rétt hjá Höfn í Hornafirði en starfsemi Jökulfells teygir sig hins vegar um allt land, meðal annars til Vestmannaeyja og á Austfirðina. Verktakastarfsemi Jökulfells snýst um vegagerð fyrir Vegagerð ríkisins, strenglagningu fyrir Landsnet og alhliða jarðvinnu fyrir byggingar, meðal annars að grafa og sprengja fyrir húsum:

„Sveitarfélagið á Hornafirði er einn af mínum samstarfsaðilum en við höfum líka komið að vinnu fyrir undirbúning ýmissa stórra bygginga hjá einkaaðilum. Yfirleitt eru þetta stór verkefni þó að við séum raunar til í hvað sem er. En óneitanlega hefur maður gírað sig upp fyrir stærri verkefnin með allan þann tækjakost sem ég hef yfir að ráða," segir Haukur.

Rekstrarkostnaðurinn liggur fyrst og fremst í hinum glæsilega tækjakosti en óhætt er að segja að lítil yfirbygging sé á fyrirtækinu. Eigandinn er á kafi í vinnunni sjálfur, lítið fer fyrir skrifstofuhaldi og vefsíðu er til dæmis ekki til að dreifa. Starfsmenn eru ekki margir en fjöldi ársverka er óreglulegur. Umfang og stærð fyrirtækisins kemur helst fram í þeim mikla og stóra tækjakosti sem nota þarf við verkefnin. Hefur Jökulfell vaxið mikið að umfangi og veltu undanfarin ár en fyrirtækið var stofnað árið 2005.

Nánari upplýsingar veitir Haukur Gíslason í síma 777 7007.

Þú getur stólað á okkur

Íslensk hágæða framleiðsla

Eldhússtóll

Eldhússtólinn sígildi fæst í mörgum litum. Hægt er að fá grindina krómaða eða litaða og áklæði er til í fjölbreyttu litaúrvali.
Góð hönnun stenst tímans tönn og er sívinsæl.

Verð 27.900 kr.

Hönnun:
Pétur B. Lúthersson

Stacco

Stacco er staflanlegur fjölnota stóll sem hentar við öll tækifæri. Auðvelt er að flytja hann milli rýma á þartilgerðum vögnum sem Stáliðjan framleiðir. Alla stóla er hægt að fá í fjölbreyttu litaúrvali.

Verð 31.100 kr.

Hönnun:
Pétur B. Lúthersson

Lúdó

Lúdo er þægilegur og meðfærilegur og hentar jafnt við eldhúsborðið heima og á vinnustað. Alla stóla er hægt að fá í fjölbreyttu litaúrvali.

Verð 26.900 kr.

Rondó

Þægilegur og léttur stóll við kaffiborðið eða eldhúsborðið. Hann hentar vel í eldhúsið heima hjá þér og jafnframt í fundarherbergið á vinnustaðnum. Rondó er með standard setu og grindin er úr krómi. Fjölbreytt litaúrval.

Verð 25.900 kr.

Eldhúsborð

Með föstum T-fótum úr krómi. Við bjóðum upp á borðplötur í nokkrum litum.

Borðplata
Verð 18.375 kr.

T borðfætur undir borð
Verð 24.125 kr.
(parið)

Samtals Verð 42.500 kr.

Vönduð íslensk framleiðsla síðan 1959. Stáliðjan er gamalgróið íslenskt fyrirtæki sem framleiðir vandaða vöru fyrir heimilið og vinnustaðinn.

STÁLIÐJAN
Stálhúsgögn og alhliða stálsmíði

Smiðjuvegi 5, 200 Kópavogi - Sími 564 5885 - www.stalidjan.is

FRÉTTATILKYNNING 20. JANÚAR 2018

Sunnudagsspjall með Brynhildi og Guðrúnu á sýningunni Verulegar í Listasafni Árnesinga

Sunnudaginn 28. janúar kl. 15:00 verða listamennirnir Brynhildur Þorgeirsdóttir og Guðrún Tryggvadóttir í Listasafni Árnesinga og ræða við gesti um verk sín. Hvernig kallast verk þeirra beggja á, annars vegar skúlptúrar en hins vegar málverk. Örva þau skilningarvit okkar? Sjón er sögu ríkari og heimsókn skemmtilegt viðfangsefni, ekki síst þegar hægt er að ræða við listamennina um útfærsluatriði og hugmyndirnar sem liggja verkunum til grundvallar. Þá er líka áhugavert að heyra túlkun gesta og enn fleiri hugmyndir sem vakna.

Hvernig er hægt að mála málverk sem er 4 x 4 metrar að stærð og hvernig er að koma því fyrir til sýningar? Forvitnilegt verk að skoða, sem ber titilinn Fjórða víddin og er eftir Guðrúnu Tryggvadóttur. Aðalefniviður þess er olíulitir á striga en einnig notast Guðrún við ösku og skíragull. Utandyra má líka sjá stóran skúlptúr sem er tæpir 3 metrar á hæð og amk 2 metrar í þvermál sem ber það virðulega nafn, Árnesingur og höfundurinn er Brynhildur Þorgeirsdóttir. Ekki að ósekju að sýningin hafi fengið heitið Verulegar sem vísar bæði í veruleg verkin, verulega listamenn sem og verur því bæði Brynhildur og Guðrún fást við fígúratífa list. En verkin eru líka óræð og sækja í fantasíuna.

Flest verkanna á sýningunni eru unnin á síðustu þremur árum en einnig eru þar fáein verk frá upphafi ferils þeirra þar sem greina má tíðaranda níunda áratugarins þegar form og inntak verkanna birtu viðhorf í andstöðu við hefbundna myndlist þess tíma. Sýningarstjóri er Inga Jónsdóttir safnstjóri en Heiðar Kári Rannversson listfræðingur ritar grein í sýningarskrá sem gefin er út um sýninguna.

Sýningin hefur verið framlengd til 25. febrúar.

Aðgangur að safninu er ókeypis og allir velkomnir.

Listasafn Árnesinga opnað á ný

Listasafn Árnesinga verður opnað aftur fimmtudaginn 18. janúar kl. 12 og er opið fimmtudaga til sunnudaga kl. 12-18.

Sýningin Verulegar, Brynhildur Þorgeirsdóttir og Guðrún Tryggvadóttir, sem fengið hefur mjög góð viðbrögð gesta hefur verið framlengd til 25. febrúar! Veruleg verk sem þú skalt ekki missa af að sjá!

Sjáumst á ný í safninu og eigum þar góðar stundir.

Nýr skóli undirbúinn í Björkurstykki

Stofnaður hefur verið undirbúningshópur og einnig stærri hópur ýmissa aðila úr skólasamfélaginu sem vinnur að undirbúnings– og hugmyndavinnu út frá ferlinu Frá hinu almenna til hins sérstæða (Design Down Process) sem kallar á aðkomu og þátttöku margra, svo sem nemenda, foreldra, kennara, fulltrúa nærsamfélags og atvinnulífs. Þegar hafa nokkrir fundir verið haldnir og skoðunarferð farin til Reykjavíkur þar sem hópurinn fékk kynningu á Norðlingaskóla, Sæmundarskóla og Dalskóla. Hópurinn hefur þegar sammælst um það að leggja áhersla á góða virkni byggingarinnar í Björkurstykki og hugsa hana vel út frá þörfum nemenda. Nýlega fékk hópurinn kynningu frá Helga Arnarsyni, sviðsstjóra, á teikningum og undirbúningsvinnu að nýjum skóla í Reykjanesbæ sem nefndur hefur verið Stapaskóli. Birna Sigurjónsdóttir hefur verið ráðin til að leiða þessa vinnu fram á vor en hún hefur mikla reynslu af slíkri vinnu hjá Reykjavíkurborg og víðar.

Eftirtaldir sitja í undirbúnings– og vinnuhópi: Sandra Dís Hafþórsdóttir, Magnús Gíslason, Arna Ír Gunnarsdóttir, Eyrún B. Magnúsdóttir, Þorsteinn Hjartarson, Birgir Edwald, Gísli Felix Bjarnason, Ragnheiður Guðný Magnúsdóttir, Hrund Harðardóttir, Sigurður Ástgeirsson, Óðinn K. Andersen, Kristrún Hafliðadóttir, Vanessa María Pétursdóttir, Kristín Ósk Guðmundsdóttir, Hermann Örn Kristjánsson, Gunnar Bragi Þorsteinsson, Ólafur Tage Bjarnason, Guðrún Þóranna Jónsdóttir og Bragi Bjarnson.

Nokkrir hugarflugsfundir verða haldnir nú á vorönn og ef fleiri hafa áhuga á þátttöku kemur vel til greina að stækka hópinn.

www.arborg.is

et EHF. VERSLUN

Frábært úrval díóðu (LED) vörubíla og kerruljósa á góðu verði

AB VARAHLUTIR – UMBOÐ EGILSSTÖÐUM

Klettagörðum 11 • 104 Reykjavík
S: 5682130 • Fax: 5680844 • www.et.is

KEF GUESTHOUSE

Ertu á leiðinni til útlanda og ætlar að geyma bílinn þinn uppi á flugvelli? Veistu að fyrir tvær vikur borgar þú 15.400 kr.

Með því að bóka herbergi hjá Kef Guesthouse er **innifalið í verðinu geymsla á bílnum, skutl til og frá flugvelli og morgunmatur**. Frá október og fram í maí eru tveggja manna herbergin hjá okkur á 12.500 kr.

Hafðu samband í síma **588 9999** og bókaðu þína nótt.

Auglýsingar:
Sími 578 1190 og
auglysingar@fotspor.is

Ritstjórn:
Sími 863 5518 og
sudri.heradsblad@gmail.com

SUÐUR
LANDSHLUTABLAÐ

2. tölublað
2. árgangur

Fánaprentun
- Útifánar
- Borðfánar
- Hátíðarfánar

544 2030
MERKIS MENN
www.merkismenn.is

ÁRBORG:

Frístunda-styrkur í 30.000

Nú þegar nýtt ár er gengið í garð opnast um leið fyrir nýtingu á frístundastyrk Árborgar fyrir árið 2018. Styrkurinn er fyrir 5 – 17 ára börn með lögheimili í Sveitarfélaginu Árborg en Bæjarstjórn Árborgar ákvað að hækka styrkinn fyrir þetta ár upp í 30.000 kr. á hvert barn. Hægt er að nota styrkinn í flestar frístundir líkt og íþróttaæfingar, tónlistarnám, líkamsrækt, skáta, dans og fleira.

Foreldrar og forráðamenn er hvattir til að nýta sér styrkinn fyrir sín börn en hægt er að nota hann strax í gegnum skráningarkerfið Nóra þegar gengið er frá skráningu barns í ákveðið frístundastarf. Hægt er að sjá framboð á frístundum inn á Mín Árborg undir frístundastyrkur en einnig er hægt að fara beint inn á www.arborg.felog.is. Muna bara að skrá sig inn með rafrænum skilríkjum.

Styrkurinn gildir út árið 2018 en flestir hafa nýtt styrkinn ár hver að hausti þegar gengið er frá skráningum fyrir vetrarstarið en eins og áður kom fram geta foreldrar nýtt styrkinn strax við skráningu barns í frístund og lækkar þá gjaldið sem styrknum nemur.

www.arborg.is